

Sb.

462. Tillaga til þingsályktunar

um fullnaðarrannsóknir á fallvötnum til raforkunota handa íbúum Vestur-Skaftafellssýslu og hluta af Rangárvallasýslu.

Flm.: Gísli Sveinsson, Sveinbjörn Högnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast um, að fullnaðarrannsóknnum verði sem fyrst lokið á fallvötnum þeim, sem fullnægt gætu, ef virkjuð yrðu, raforkuþörf íbúa Vestur-Skaftafellssýslu, væntanlega að einhverju leyti í sambandi við hluta af Rangárvallasýslu, er a. m. k. virðist geta átt sér stað um Mýrdals- og Eyjafjallsveitirnar, svo að gengið verði úr skugga um, hvort langleiðslur þyrfti á það svæði frá Sogsstöðinni, eða hver úrræði önnur yrðu þar heppilegust og kæmu að beztum notum, þegar á allt er litið.

Greinargerð.

Till. þessi er borin fram sem nauðsynleg viðbót við áskoranir þær, sem nú eru mjög í frammi, um rannsóknir á orkuvinnslu úr Soginu og leiðslur rafmagns þaðan um Suðurlandssýslurnar, því að engan veginn er enn úr því skorið, hvernig heppilegast er að standa að þeim málum, þegar austar dregur á láglendið. Sjálfsagt er að styðja að því, að rafmagn frá Sogi komist sem fyrst svo langt og svo víða sem álitnið er af fróðum mönnum gerlegt og hagkvæmt, og það vilja flm. þessarar tillögu einnig gera. En þegar á þessar slóðir kemur, til Eyjafjalla og Vestur-Skaftafellssýslu, geta fleiri leiðir vel komið til greina og fallvötn þar ef til vill nægileg til fullnægjandi mikilli raforkuþörf, ef ráðizt yrði í að virkja þau, en um það skortir enn fullnægjandi rannsókn, svo að réttur og nauðsynlegur samanburður fáiist um málið í heild. Má hér ekki sízt nefna til Eyjafjöllin, þar sem alkunn fallvötn (fossar) blasa við sjónum manna, en í sambengi við þá sveit er Mýrdalurinn. Er þar að visu byrjað á nokkrum rannsóknnum og einnig austan Mýrdalssands, en allt er það ófullgert. Af öllum ástæðum má þetta ekki dragast lengur.